



**Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík**

Reykjavík 6. ágúst 2021

Varðar: Víkingur í Safamýri

Víkingur óskar eftir því að frá hausti 2021 fái félagið íþróttastjóra, með aðsetur í Safamýri, sem tryggi yfirsýn og umgjörð á komandi vetri en ekki síst til að vinna að fullri innleiðingu fyrir haustið 2022 þegar Fram flytur alfarið í Úlfarsárdal.

Stærstu verkefni Víkings í Safamýri komandi vetur eru eftirfarandi:

- Karatedeild
- Handknattleiksdeild, 4. bekkur og yngri
- Knattspyrnudeild, 4. bekkur og yngri
- Íþróttaskóli á laugardögum í Álftamýrarskóla
- Leikskólaverkefni í a.m.k. þremur leikskólum hverfisins
- Undirbúningur að yfirtöku á allri starfsemi í Safamýri haustið 2022

Rekstur og umfang Víkings hefur aukist verulega á liðnum 10 árum og ofuráhersla er lögð á ábyrgan rekstur. Skrifstofa félagsins ber hitann og þungann af öllum verkefnum en samhliða mikilli fjölgun verkefna hefur starfsmannafjöldi á skrifstofu ekki breyst.

Innleiðing á nýju hverfi er stórt og mikið verkefni og vanda þarf til verka. Það verður ekki gert nema með nýju starfsgildi strax í haust.

Virðingarfyllt,

F.h. Knattspyrnufélagsins Víkings

**Haraldur Haraldsson
Framkvæmdastjóri**